

**Ed.**

**1063. Framhaldsnefndarálit**

[205. mál]

um frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar skilar séráliti um frv. þar sem hann er í grundvallaratriðum andvígur þeirri stefnu sem nú er fylgt í vaxta-, peninga- og bankamálum, en þessi stefna hefur m.a. haft í för með sér stórfellt vaxtaokur þannig að raunvextir eru hér einhverjir þeir hæstu í heimi um þessar mundir. Jafnframt er ljóst að stefnan í vaxtamálum mun nú á þessu ári stofna í hættu þeim árangri sem ætlunin er að ná í kjölfar nýgerðra kjarasamninga. Er ljóst að forusta fjármálaráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins ræður þarna úrslitum: Ríkissjóður er rekinn með stórfelldum halla og hallinn er fjármagnaður með lántökum á almennum markaði sem spenna upp vexti í landinu.

Grundvallaratriði þeirra breytingartillagna, sem minni hl. flytur, eru þessi:

1. Gerðar eru tillögur um að skerða vald Seðlabankans verulega frá frumvarpinu, bæði með því að bankaeftirlitið verði sjálfstæðara og heyrir beint undir bankaráð en ekki bankastjóra og með því að draga úr heimildum bankans til þess að binda innlánsfé.
2. Lagt er til að möguleikar Seðlabanka og ríkisstjórnar til að hafa hemil á óhæfilegum vaxtaákvörðunum innlánsstofnana verði eins og var í frv. þegar það var lagt fram, en í neðri deild var dregið úr valdi Seðlabankans til afskipta af vaxtaákvörðunum.
3. Breytt er reglum um ráðningu seðlabankastjóra og öll undanþáguákvæði vegna núverandi bankastjóra eru felld niður.
4. Útþensla Seðlabankans hefur sætt sívaxandi gagnrýni innan þings og utan. Til þess að setja útþenslu bankans eðlilegar skorður er lögð til sú regla að bankinn skili hagnaði sínum árlega í ríkissjóð.

Nánari grein verður gerð fyrir tillögum minni hl. í framsögu.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Ragnar Arnalds,  
frsm.

Magnús H. Magnússon.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.